



Jólahurðaskreytingakeppni Hraunvallaskóla!

Skrifstofa

Hraunvallaskóla er opin mánudaga til fimmtudaga frá 7:45 til 16:00 og á föstudögum frá 7:45 til 15:00

Sími skólans er: 590-2800

Síminn í Hraunseli er: 590-2810


Hin árlega jólahurðaskreytingakeppni Hraunvallaskóla fór fram á dögnum og var skólinn hreinlega lagður undir sköpunargleði og jólaanda. Keppnin er einn af hápunktum aðventunnar hjá okkur og leggja nemendur jafnan mikinn metnað í verkið.

Í ár var sérstök áhersla lögð á endurvinnslu og var frábært að sjá hvernig nemendur nýttu hluti, sem annars færu í ruslið, í glæsileg listaverk.

Þátttaka var til fyrirmyndar og ljóst að nemendur hafa lagt margar vinnustundir í að gera skólann okkar hátíðlegan. Það var erfitt verk fyrir dómnefndina að velja á milli, enda metnaðurinn í hurðagerðunum mikill.

5. og 6.bekkur komu þó, sáu og sigruðu í ár með þessu glæsilega jólasvæði sem var hvað mest unnið úr endurvinnanlegu efni.

Við þökkum nemendum og starfsfólki fyrir að gera skólann svona fallegan fyrir jólin.



RIDDARAR KÆRLEIKANS

Vinavikan

Vinavikan, sem fór fram dagana 3.-7.nóvember, er mikilvæg vika í skólastarfinu þar sem við leggjum sérstaka áherslu á að styrkja vináttu, samvinnu og ábyrgð. Vinavikan er haldin árlega í tengslum við alþjóðlegan dag gegn einelti þann 8.nóvember. Markmiðið er að efla enn frekar jákvæð samskipti innan skólans.

Nemendur á öllum stigum stóðu sig frábærlega og tókust á við fjölbreytt og skemmtileg verkefni sem hvöttu til virkrar þátttöku og umhugsunar.

Til að mynda lásu nemendur bækur um vináttuna, fönndruðu vinahendur, vinablóm, vinapúsl og vinahjörtu og spruttu upp góðar umræður um hvað er að vera góður vinur, hvað góðir vinir gera og hvað það þýðir að vera riddari kærleikans.

Nemendur fóru í vinaleiki og skrifuðu svo allir í Hraunvallaskóla ásamt mörgum forráðamönnum og öðrum úr skólasamfélaginu undir vináttusáttmála.

Vinavikan var afar vel heppnuð og minnti okkur á að við erum samfélag þar sem virðing og kærleikur eiga að vera leiðarljós okkar. Við þökkum nemendum fyrir frábæra þátttöku og höldum áfram að rækta þessi mikilvægu gildi alla daga.



SAMVERUR



Vináttusamvera í vinavíku

Í vinavíkunni í nóvember var haldin skemmtileg vináttusamvera fyrir nemendur í 1.-7. bekk. Samverunni var stýrt af nemendum í 5. bekk sem stóðu sig með miklum sóma. 5. bekkur valdi nokkur lög sem voru sungin saman og skapaðist einstaklega góð stemning í salnum. Þar á meðal var lagið „Elli Egils“ með Herra Hnetusmjöri, sem ómaði um allan skólann. Það var sérstaklega ánægjulegt að sjá hversu margir nemendur, allt niður í 1. bekk, kunnu lagið vel og sungu af krafti. Einnig var sungið lagið „Riddari kærleikans“, sem söngkonan GDRN flytur. Lagið var samið í samstarfi við unglinga í Grunnskólanum á Hofsósi og fellur einstaklega vel að áherslum vinavíkkunnar. Það var einmitt annað árið í röð sem unnið var með þemað „Riddarar kærleikans“, þar sem lögð er áhersla á samkennd, virðingu og að láta gott af sér leiða. Samveran gekk ljómandi vel og var bæði hlýleg og uppbyggileg. Það var afar ánægjulegt að sjá allan þennan stóra hóp nemenda saman kominn, taka þátt af áhuga og njóta samverunnar í góðum anda.



Samvera 4.bekkjjar

4.bekkur hélt frábæra samveru á dögnum og sýndu nemendur hversu mikið af hæfileikum leynast í þeim. Samveran var frábær skemmtun þar sem krakkarnir röppuðu, sungu, dönsuðu og sýndu myndband sem þau höfðu búið til um reglu vikkunnar. Það er augljóst að nemendur í 4.bekk eru ekki bara listamenn heldur líka frábærir miðlarar. Vel gert 4.bekkur!



VINDÁSHLÍÐ

Dagana 27.-31.október var komið að hápunkti vetrarins fyrir nemendur í 9.bekk en þá fóru þeir í hina árlegu skólabúðarferð í Vindáshlíð.

Mikil spennu og tilhlökkun hafði myndast dagana og vikunar fyrir ferðina og voru nemendur mjög tilbúnir að vera saman í fimm daga fjarri hinu daglega amstri skólans.

Vindáshlíð hefur lengi verið eftirlætisáfangastaður, enda er þar lögð sérstök áhersla á að efla félagsfærni, hópefli og samveru. Allt starf þar er miðað að því að nemendur læri að meta mikilvægi samvinnu, virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum og fara út fyrir þægindarammann.

Þegar á staðinn var komið beið nemenda tilkynningar um herbergisskipan og skiptingar í bláa og rauða liðið. Eftir að hafa komið sér fyrir í herbergjum og fengið góða næringu hófst dagskráin af fullum krafti.

Það má með sanni segja að nemendur hafi verið á fullu allan tímann. Dagarnir voru þéttskipaðir af fjölbreyttum námskeiðum og leikjum sem ögruðu hópnum á jákvæðan hátt. Þau tóku þátt í skapandi verkefnum sem kröfðust samvinnu, þolinmæði, skiptingu ábyrgðar, útileikjum, þrautum og umræðum um samskipti og vináttu.

Í frítímum var lítið slakað á. Inn á herbergjum voru danstaktarnir æfðir, Vindáshlíðar lögin, sem við sömdum fyrir ferðina, ómuðu um gangana, draugaslóðir voru kannaðar í kringum búðirnar og allskyns spil og leikir spilað fram eftir kvöldum. Oft mögulega aðeins of lengi fram eftir.

Vikan var ekki bara lærdómsrík heldur einnig afar skemmtileg og myndin. Mikið hlegið, margar frábærar minningar og skemmtilegar uppákomur sem verða rifjaðar upp næstu árin! Nemendur tala um hve vinahópurinn hefur stækkað, samheldnin í hópnum orðin góð og að vinátta hafi skapast þvert á árganginn.

Tilgangur ferðarinnar náðist því svo sannarlega.

Það voru glaðir en verulega þreyttir 9.bekkingar sem mættu heim á föstudeginum, ríkari af upplifunum og með sterka samheldni til að takast á við veturinn.





BÓKASAFNIÐ

Vinavikan

Bókasafnið tók að sjálfsögðu þátt í vinavíkunni og var í boði skraut, þrautir og bækur sem tengjast vináttu.



Dagur íslenskrar tungu og breski sendiherrann heimsækir 3. bekk.

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur þann 16. nóvember og þann 25. nóvember kom breski sendiherrann í heimsókn. Hann kynnti bókina Tæknitröll og íseldfjöll fyrir 3. bekk. Skemmtilegt að segja frá því að þessi heimsókn kom til vegna þess að 3.bekkur var að vinna með bókina í byrjendalæsinu og vantaði okkur auka eintök. Þær frá breska sendiráðinu vildu endilega koma með eintökin í eigin persónu og hitta nemendurna. Þær kynntu bókina á bókasafninu og gáfu öllum í 3.bekk eintak. Það fóru ánægðir nemendur með bók heim.



JÓLABÆKURNAR

Jólabókakynningar á bókasafninu

Í desember bauð Karítas bókasafnskennari öllum nemendum skólans í skemmtilegar og lifandi jólabókakynningar á bókasafninu. Hún kynnti nýjustu bækurnar á safninu og lesið var upp valda kafla úr nokkrum þeirra, sem vakti bæði forvitni og áhuga nemenda.

Karítas lagði sig sérstaklega fram við að aðlaga hverja kynningu að aldri nemendahópanna. Þannig fengu yngri og eldri nemendur kynningu við sitt hæfi, hvort sem um var að ræða ævintýri, spennusögur, myndabækur eða nýjar unglingsbækur. Þetta skapaði góða stemningu og tryggði að allir gætu tengt við efnið.

Nemendur sýndu frábæra áheyrn og voru til fyrirmyndar á kynningunum öllum.

Jólabókakynningarnar eru orðin kærkomin hefð í skólanum og höfðu að þessu sinni einstakan svip, þar sem margir nemendur sögðust strax hafa fundið bók sem þau langaði til að lesa í jólafríinu.



HÖFUNDAR Í HEIMSÓKN

Bjarni Fritzson las upp fyrir nemendur

Í byrjun nóvember heimsótti rithöfundurinn Bjarni Fritzson skólann og las upp úr nýjustu bók sinni, Orri verður óstöðvandi, fyrir nemendur í 3.-7. bekk.

Nemendur þekkja Bjarna vel, enda njóta bækur hans gríðarlegra vinsælda og er það orðin kærkomin hefð að hann komi og lesi upp fyrir nemendur.

Upplsturinn vakti mikla ánægju og áhuga, enda tekst Bjarna einstaklega vel að fanga athygli nemenda og draga þau inn í heim sagnanna.

Í lok heimsóknarinnar hélt Bjarni skemmtilega spurningakeppni þar sem hann spurði nemendur út í fyrri bækur sínar. Nemendurnir stóðu sig með þryði og var greinilegt að margir þekkja sögur hans afar vel. Heimsóknin gekk ljómandi vel og var bæði skemmtileg og hvetjandi fyrir unga lesendur.



Ævar Þór Benediktsson heillaði nemendur með upplestri úr nýjustu bókinni sinni

Þann 2. desember fengu nemendur í 3. – 7. bekk upplestur frá Ævari Þór Benediktssyni, einum vinsælasta barnabókahöfundi landsins, þegar hann mætti í skólann og las upp úr glænýju bókinni sinni, Skólastjórinn. Það var óhætt að segja að stemningin hafi verið frábær frá fyrstu mínútu.

Bókin fjallar um Salvar, 12 ára gamlan og uppátækjasaman strák sem sækir um stöðu skólastjóra, fyrst til gamans, þar til hann óvænt fær starfið! Með óþrjótandi hugmyndum eins og pítsu og kandífloss í hádegismat, heimild til að reka tvo kennara á ári og jafnvel grís í hvern bekk, breytir Salvar skólanum í sannkallað ævintýraland ásamt bestu vinkonu sinni, Guðrúnu. Sögurnar vöktu bæði hlátur og forvitni nemenda, sem hlustuðu af athygli og nutu hvernar mínútu.

Það var greinilegt að nemendur voru afar ánægðir með að fá að heyra úr bókinni beint frá höfundi sjálfum. Ævar er einstaklega góður í að koma fram, skapa stemningu og draga unga lesendur inn í heim sögunnar. Nemendur voru til fyrirmyndar á upplestinum og tóku honum fagnandi.



LISTASMIÐJA

Leirmótun í listasmiðju

Í listasmiðjum vinna nemendur mörg fjölbreytt og skemmtileg verkefni. Í nóvember unnu nemendur til dæmis að þessu frábæra verkefni þar sem þeir völdu sér fugl, teiknuðu hann upp, máluðu myndina og mótuðu hann að lokum úr leir. Útkoman alveg hreint glæsileg eins og myndirnar sýna.



EVOLYTES

Nýtt og spennandi námsefni í stærðfræði fyrir 2. og 3. bekk

Í nóvember hófu nemendur í 2. og 3. bekk nám í nýju og áhugaverðu stærðfræðiefni sem nefnist Evolytes. Um er að ræða blandaða kennsluleið þar sem saman fara hefðbundnar bóklegar æfingar og stafrænt nám í iPad, sem gerir stærðfræðinámið bæði fjölbreytt og skemmtilegt. Nemendur fengu fyrst kynningu á námsefninu, þar sem farið var yfir hvernig Evolytes virkar og hvernig námið er uppbyggt. Að því loknu fengu þau að prófa efnið undir leiðsögn starfsmanns frá Evolytes. Kynningin gekk einstaklega vel og vakti mikinn áhuga hjá nemendum. Eftir jákvæð viðbrögð og góða fyrstu reynslu hefur Evolytes nú verið tekið inn sem fastur liður í kennsluskipulagi í 2. og 3. bekk.

Evolytes byggir á leikjavæðingu náms og hvetur nemendur áfram með því að tengja stærðfræðikunnáttu við skemmtilegan leikjaheim. Þar safna börnin litríku dýrum, sinna þeim og leysa verkefni sem leiða þau áfram í ævintýrinu. Leikurinn miðar að því að efla skilning og áhuga með jákvæðri styrkingu og vel útfærðum námsleiðum. Námsefnið er þróað út frá þverfaglegum rannsóknum og sálfræðilegum kenningum um nám barna, með það að markmiði að styðja við dýpri skilning, aukna einbeitingu og betri árangur. Evolytes-kerfið samanstendur af: bókum sem fylgja námsefninu og veita nemendum tækifæri til að æfa nýja þekkingu á blaði. stafrænum leik sem gerir stærðfræðinámið lifandi og hvetjandi, og upplýsingakerfi fyrir kennara þar sem sjá má framvindu hvers nemanda í rauntíma og greina styrkleika og tækifæri til úrbóta.


Nemendur hafa tekið mjög vel í námsefnið og margir lýsa því að stærðfræðin sé orðin bæði skemmtilegri og meira hvetjandi. Kennarar upplifa jafnframt að nýja nálgunin styðji vel við nám og áhuga nemenda.



HRAUNSEL

Fjör í desember

Í Hraunseli hefur verið mikið fjör í desember. Krakkarnir hjálpuðust að við að gera flotta jólahurð en við notuðum klúbbana okkar í fjölmörg verkefni. Í klúbbunum hafa krakkarnir verið að fönndra allskonar jólalegt eins og jólatré, jólakúlur, snjókorn og svo margt fleira. Við finnum að öll eru orðin mjög spennt fyrir jólnum en Hraunsel verður með opið í jólasmiðjum 22., 23., 29. og 30. desember, auk 2. janúar. Í jólasmiðjunum ætlum við að gera margt skemmtilegt eins og að fara í Hellisgerði, kíkja í sund, skreyta piparkökur og fara í fullt af skemmtilegum leikjum.





MOSINN

Í Mosanum höfum við verið að gera mjög margt skemmtilegt í desember og er einnig margt skemmtilegt framundan. Í desember höfum við verið með Danskeppni Hafnarfjarðar en þar vorum við með þrjá snillinga frá okkur sem tóku þátt og komust áfram í Danskeppni Samfés. Við verðum með opið í jólafríinu 22. og 29. desember.



MOSINN DESEMBER - MIDDEILD Kl. 17:00-18:45		
MÁNUDAGUR	MIDVIKUDAGUR	FÖSTUDAGUR
1 OLSEN OLSEN	3 GISKABU Á JÓLALAGIÐ	4 HVAÐ ER Í JÓLAHÚFUNNI? FIMMTUDAGUR
8 DANSKEPPNI HFJ Í Setbergsskóla kl. 18:00	10 POOL MÓT	12 SKREYTUM PIPARKÖKUR
15 JÓLAHÚS MOSANS Kl. 17:30-19:00 Nemendaráð sér um jólakaffihús	17 BLINDRATEIKNI-KEPPNI	18 PAKKALEIKUR FIMMTUDAGUR
22 LITUM JÓLAMYNDIR + JÓLALÖG	24 CLOSED	26 CLOSED
29 JÓLABÍÓ OG HEITT KAKÓ	31 CLOSED	

MOSINN DESEMBER - UNGLINGADEILD Kl. 19:30-22:00		
MÁNUDAGUR	MIDVIKUDAGUR	FÖSTUDAGUR
1 SAMLOKU-KEPPNI 2-5 saman í liði	3 Græjum saman jólahurðina! JÓLAHURÐ MOSANS	4 SKREYTUM MOSANN FIMMTUDAGUR
8 DANSKEPPNI HFJ Í Setbergsskóla kl. 18:00	10 INNPÖKKUNAR-KEPPNI 2-4 saman í liði	12 SKREYTUM PIPARKÖKUR
15 JÓLAHÚS MOSANS Kl. 20:00-21:30 Nemendaráð sér um jólakaffihús	17 Nemó only! NEMÓKVÖLD	18 JÓLABALL KL. 20:00 FIMMTUDAGUR
22 GISKABU Á JÓLALAGIÐ	24 CLOSED	26 CLOSED
29 JÓLABÍÓ OG HEITT KAKÓ	31 CLOSED	

= Sigurvegari fer á WALL OF FAME

ALLSKONAR SKEMMTILEGT Í HRAUNVALLASKÓLA

Gulldrekalottó

Gulldrekaveisla var haldin í nóvember fyrir heppna gulldrekahafa sem dregnir voru út í árlega Gulldrekalottóinu okkar. Það voru glaðir nemendur sem mættu í veisluna og gæddu sér á gómsætum ís með íssósu.



Kakódagurinn

Föstudaginn 12. desember fengu nemendur og starfsfólk að finna vel fyrir hátíðarandanum þegar við höldum upp á hinn árlega Kakó- og piparkökudag!

Þessi dagur er orðinn dýrmæt hefð hjá okkur, og var farið inn í alla bekkir skólans með rjúkandi heitt kakó og ilmandi piparkökur. Það er fátt sem skapar betri aðventustemningu en þessi einfalda, en ljúfa samverustund.

Það var virkilega gaman að sjá gleðina og hamingjuna sem fylgdi því að njóta þessarar hressingar saman í lok vikunnar.



JÓLAHURÐASKREYTINGAKEPPNI HRAUNVALLASKÓLA 2025

Eins og áður sagði unnu 5. og 6.bekkur árlegu jólahurðaskreytingakeppni Hraunvallaskóla 2025 með glæsilegu framlagi sínu og fengu í verðlaun gómsæta köku. 10.bekkur vann svo frumlegustu hurðina með frábæru verkstæði jólasveinsins í andyri skólans. Þó aðrar hurðir hafi ekki hlotið formlega viðurkenningu voru þær hver annarri glæsilegri og metnaðurinn og sköpunargáfan sem einkenndi hurðarnar var ótrúleg. Eiga nemendur og starfsfólk, óháð úrslitum, stórt hrós skilið fyrir að skapa þennan stórkostlega jólaanda í Hraunvallaskóla.



3. og 4.bekkur



9.bekkur



Bókasafnið

10.bekkur Verkstæði jólasveinsins.



Fjölgreinadeildin



7.bekkur



8.bekkur



Hraunborg



Námsverið



1. og 2. bekkur



Mosinn

SKRAUTLEGI SKÓLINN OKKAR



Brosið

Fréttablað Hraunvallaskóla
Drekavöllum 9
221

Ritstjóri: Margrét Lára Guðmundsdóttir
margretl@hraunvallaskoli.is
Ábyrgðarmaður: Lars Jóhann Imsland

www.hraunvallaskoli.is
www.leikskolinn.is/hraunvallaskoli
www.mosinn.is

